

REGLUR UM GREIÐSLUR TIL FORRÁÐAMANNA BARNA

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir eftirfarandi reglur um greiðslur til forráðamanna barna 12 mánaða og eldri sem eru á biðlista eftir leikskólavist í Garðabæ.

- Forráðamönnum barna 12 mánaða og eldri með lögheimili í Garðabæ gefst kostur á því að sækja um þátttöku Garðabæjar í kostnaði vegna vistunar barns, þar til því býðst vistun á leikskóla í Garðabæ, enda njóti þeir ekki annarra niðurgreiðslna vegna vistunar barnsins. Greiðslur hefjast frá þeim degi sem umsókn er samþykkt. Greiðslur eru ekki afturvirkar.
- Sækja ber um greiðslur á vef Garðabæjar.
- Greiðsla kemur til útborgunar fyrsta virkan dag hvers mánaðar og greiðist eftir á fyrir nýliðinn mánuð.
- Þjóðist barni leikskóladvöl falla greiðslur niður, frá þeirri dagsetningu sem barn hefur leikskóladvöl eða boði um leikskóladvöl er hafnað.
- Greiðslur miðast við almenna niðurgreiðslu hjá dagforeldrum fyrir 8 stunda vistun.

Framangreindar reglur gilda frá 9. júní 2024

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar

9. júní 2024

*Lúðvík Örn Steinarsson
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu*